

Nd.

359. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 92000.00 — niutíu og tvö þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 230000.00 — tvö hundruð og þrjátíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, sem lét fylgja því svolatandi skýringar:

„Um 1. gr.

Í 1. gr. laga nr. 68/1938 er svo ákveðið, að rikissjóður greiði $\frac{2}{5}$ hluta af kostnaði við hafnargerð á Raufarhöfn, þó ekki yfir $\frac{2}{5}$ hluta af kr. 180000.00. Þar sem nú er áætlað, að kostnaður við hafnargerðina verði kr. 230000.00, er svo ákveðið í 1. gr. frumvarpsins, að rikissjóður greiði $\frac{2}{5}$ hluta af þessum kostnaði, eða alls kr. 92000.00.

Um 2. gr.

Þar sem nauðsynlegt lán, að upphæð kr. 230000.00, til hafnargerðarinnar er ekki fáanlegt nema rikissjóður ábyrgist alla lánsupphæðina, er hér lagt til, að úr laga-greininni verði fellt ákvæðið um, að ábyrgð rikissjóðs verði bundin við $\frac{2}{5}$ hluta hafnargerðarkostnaðarins.

Að öðru leyti vísast til bréfs stjórnar sildarverksmiðja ríkisins, dags. 23. marz 1940, til atvinnumálaráðherra, sem er svo hljóðandi:

„Stjórn sildarverksmiðja ríkisins telur mjög brýna nauðsyn á því, að dýpkun fari fram á hafnarsvæði Raufarhafnar nú í sumar á þann hátt, sem lýst er í tillögu-uppdætti vitamálskrifstofunnar, merktum C 93, I, samtals 80000 m³ uppmokstur. Hingað til hafa sildarverksmiðjur ríkisins orðið að leigja flutningaskip með vörur að og frá Raufarhöfn með það fyrir augum, að þau flytu að bryggju þar. Hefir þetta verið gert til þess að forðast óhæfilegan upp- og útskipunarkostnað og vegna þess, að tank-lýsinu verður að skipa um borð við bryggju. Á friðartímum hefir þetta oft orðið dýrara en orðið hefði, ef hægt hefði verið að flytja vörurnar á áætlunarskipum eða þeim mun stærri skipum, sem nemur dýpkuninni, 13 fetum eða grynnra niður í 16 fet, miðað við stórstraumsfjöru. En nú hefir það tvennt orðið, að óhjákvæmilegt má telja að dýpka höfnina svo fljótt, sem unnt verður, annað, að mjög erfitt er sökum stríðsins að fá hæfilega smá skip til flutninga, og þau, sem fást kynnu, eru til-
tölulega mjög dýr, og svo hitt, að afköst verksmiðjunnar á Raufarhöfn, sem til þessa hafa verið 1100 mál á sólarhring, aukast með byggingu hinnar nýju verksmiðju upp í 6100 mál á sólarhring.

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins hefir fengið viljrði fyrir því, að hafnarstjórn Reykjavíkur myndi lána dýpkunarskip Reykjavíkur til Raufarhafnar til þess að framkvæma dýpkun hafnarinnar þar. Allur kostnaður við dýpkunina ásamt kostnaði við flutning skipsins til og frá Reykjavík er áætlaður kr. 230000.00 og yrði að öllu leyti að greiðast nú í ár. Sveitarstjórn Presthólahrepps, sem ákveðið er, að fari með stjórn hafnarmála Raufarhafnar undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, hefir falið oss að sjá um framkvæmd verksins og lánúttegun í þessu skyni. Höfum vér fúslega tekið þetta að oss sökum hinna miklu hagsmuna, sem vér eigum að gæta í þessu efni. Þó að telja megi fjárhag sildarverksmiðja ríkisins góðan, geta verksmiðjurnar sjálfar ekki, þótt þær fengju heimild til þess, veitt nema að litlu leyti lán til þessa verks sökum byggingar sildarverksmiðjunnar á Raufarhöfn, stækkunarinnar á Siglufirði og löndunartækjanna þar, sem bundið hafa gersamlega allt laust fé verksmiðjanna. Hefir því orðið að leita fyrir sér annarstaðar um lántökumögu-
leika. Hafa sildarverksmiðjur ríkisins nokkra von um, að takast megi að útvega lán fyrir meginhluta kostnaðarins, en það er ófrávikjanlegt skilyrði væntanlegra lán-
veitenda, að rikisábyrgð sé á lántökunum. Gert er ráð fyrir, að $\frac{2}{5}$ kostnaðar við dýpkunina séu greiddir af rikissjóði eftir því, sem fé sé veitt til í fjárlögum, en $\frac{3}{5}$ hlutar úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Hafnarlög Raufarhafnar, nr. 68/1938, eru nokkuð óljós um upphæð þá, sem rikisstjórninni er heimilt að ábyrgjast, en sennilega ber að telja, að samkvæmt lögum sé ábyrgðarheimild rikisstjórnarinnar bundin við $\frac{2}{5}$ af kr. 180000.00, þ. e. kr. 72000.00. Samkvæmt þessu gera hafnarlög Raufarhafnar því ráð fyrir bæði lægri upphæð til verksins í heild en þörf krefur, eins og nú standa sakir, og svo er ábyrgðarheimildin bundin $\frac{2}{5}$ kostnaðarins. Fjárveitinganefnd Alþingis hefir veitt viljrði fyrir því að taka upp í fjárlög fyrir 1941 10 þúsund króna fjárveitingu til hafnargerðar á Raufarhöfn, er sé fyrsta fjárveiting af 9. Þótt þetta sé spor í rétta átt, er alveg víst, að ómögulegt er að koma í kring dýpkun hafnarinnar

nú, nema takast megi að útvega lánsfé til verksins, sem ófánlegt er, svo sem að framan greinir, nema því aðeins, að ríkisábyrgð sé fyrir hendi fyrir allri upphæðinni, kr. 230000.00. Vér leyfum oss því að fara fram á:

- að þér gangist fyrir breytingu á lögum um hafnargerð á Raufarhöfn þannig:
- að heimilað sé að ráðast í framkvæmd fyrir 230000.00 kr. og ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán fyrir þeirri upphæð.
- að framlag til dýpkunarinnar skiptist í sömu hlutföllum og gert er ráð fyrir í lögum um hafnargerð Raufarhafnar.

Það skal tekið fram, að vér höfum áætlað, að nettótekjur hafnarinnar á Raufarhöfn myndu nema um 20 þúsund kr. samkvæmt taxta, sem er mun lægri en hafnargjöld á Siglufirði, og ef þurfa þætti, mætti hækka þennan taxta upp í sama og á Siglufirði.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru fúsar til þess að ganga í ábyrgð fyrir lánum til þessara framkvæmda, sé þeim heimilað það af yður. En ábyrgð verksmiðjanna einna er ekki fullnægjandi gagnvart lánveitendum, svo sem áður segir.

Vér leyfum oss að mega vænta heiðraðs svars yðar mjög fljótlega, einkum með tilliti til þess, að hafnarstjórn Reykjavíkur telur sig ekki geta beðið eftir svari voru um leigu á dýpkunarskipinu nema mjög takmarkaðan tíma.““

Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frumvarpsins.